

Greiðsluafkoma ríkissjóðs janúar-mars 2012

Greiðsluuppgjör ríkissjóðs fyrir fyrstu þrjá mánuði ársins 2012 liggur nú fyrir. Handbært fé frá rekstri var neikvætt um 7,3 ma.kr. en var neikvætt um 3,1 ma.kr. á sama tímabili 2011. Tekjur reyndust 10,1 ma.kr. hærrí en í fyrra á meðan að gjöldin jukust um 11,6 ma.kr. milli ára. Þetta er betri niðurstaða en gert var ráð fyrir í áætlunum þar sem gert var ráð fyrir að handbært fé frá rekstri yrði neikvætt um 12,3 ma.kr. Stór hluti af því fráviki skýrist með greiðsludreifingu útgjalda.

Sjóðstreymi ríkissjóðs janúar-mars 2012 (m.kr.)

	<u>2008</u>	<u>2009</u>	<u>2010</u>	<u>2011</u>	<u>2012</u>
Innheimtar tekjur	128.597	122.177	110.985	112.004	122.100
Greidd gjöld	91.129	123.232	130.975	114.789	126.428
Tekjujöfnuður	37.468	-1.055	-19.990	-2.785	-4.328
Breyting rekstrartengdra eigna og skulda	295	-3.823	9.665	-340	-2.924
Handbært fé frá rekstri	37.763	-4.878	-10.325	-3.125	-7.252
Fjármunahreyfingar	-2.306	4.814	-3.441	-1.713	-5.662
Hreinn lánsfjárfjöfnuður	35.457	-64	-13.766	-4.838	-12.914
Afborganir lána	-808	-1.339	-71.827	-6.018	-50.933
Innanlands	-704	-1.339	-71.827	-750	-1.476
Erlendis	-104	0	0	-5.268	-49.457
Greiðslur til LSR og LH	-990	0	0	0	0
Lánsfjárfjöfnuður brúttó	33.659	-1.403	-85.593	-10.856	-63.847
Lántökur	-322	36.880	44.951	36.125	43.852
Innanlands	-322	30.403	46.918	26.556	25.002
Erlendis	-	6.477	-1.967	9.569	18.850
Breyting á handbæru fé	33.337	35.477	-40.642	25.269	-19.995

Innheimtar tekjur ríkissjóðs námu 122,1 ma.kr. á fyrsta ársfjórðungi sem er 8,0% aukning miðað sama tímabil á síðasta ári. Tekjur tímabilsins eru 4,5 ma.kr. eða 3,8% yfir tekjuáætlun fjárlaga 2012. Hafa ber í huga að frávik einstakra liða frá áætlun geta verið umtalsverð og í einhverjum tilfellum ómarktæk á fyrstu mánuðum ársins. Frávik frá mánaðarlegri áætlun geta stafað af því að forsendur áætlunarinnar yfir lengra tímabil séu óraunhæfar eða því að dreifingin niður á mánuði sé önnur en áætlað var. Hið síðarnefnda getur einkum átt sér stað þegar uppgjörstímabil er lengra en einn mánuður, þegar gjalddagi og eindagi eru ekki í sama mánuði eða þegar óreglulegir liðir vega þungt. Reynslan er því sú að frávik frá áætlun eru mest í upphafi ársins og minnka eftir því sem líður á árið og gagnatímabilið lengist.

Skatttekjur og tryggingagjöld jukust um 8,3% á milli ára og námu 113,3 ma.kr. á tímabilinu sem er 2,8% yfir tekjuáætlun. Þar af nam tekjuskattur einstaklinga 27,5 ma.kr. sem er 17,3% aukning á milli ára og 9,5% yfir áætlun. Samanlögð skil launagreiðenda á bæði tekjuskatti og útsvari jukust um rúm 17% á milli ára. Skattstofn tekjuskatts hefur því styrkst umtalsvert á undanförunum mánuðum jafnvel þótt hluta þessarar aukningar megi rekja til kjarasamninga sem tóku gildi síðasta sumar. Tekjuskattur lögaðila nam 7,4 ma.kr. á fyrstu þremur mánuðum ársins sem er ríflega 4,5 ma.kr. hærrí fjárhæð en reiknað var með í tekjuáætlun. Þetta mikla frávik skýrist m.a. af því að uppgjör vegna fyrri ára leiddu til mikilla viðbótargreiðslna en slík uppgjör geta ýmist leitt til inn- eða útgreiðslna fyrir ríkissjóð. Fjármagnstekjuskattur skilaði 11,3 ma.kr. á tímabilinu sem er 3,2 ma.kr. undir áætlun.¹

Tekjur ríkissjóðs janúar-mars 2010-2012

	Milljónir króna			Breyting frá fyrra ári, %		
	2010	2011	2012	2010	2011	2012
Skatttekjur og tryggingagjöld	102.038	104.597	113.285	-4,3	2,5	8,3
Skattar á tekjur og hagnað	42.419	43.556	46.223	-22,5	2,7	6,1
Tekjuskattur einstaklinga	23.559	23.442	27.497	3,3	-0,5	17,3
Tekjuskattur lögaðila	2.849	2.798	7.398	-25,0	-1,8	164,4
Skattur á fjármagnstekjur	16.011	17.316	11.328	-43,1	8,2	-34,6
Eignarskattar	1.182	1.076	3.572	-13,8	-9,0	232,1
Skattar á vöru og þjónustu	42.167	41.831	44.838	7,3	-0,8	7,2
Virðisaukaskattur	27.657	26.706	27.514	-1,6	-3,4	3,0
Vörugjöld af ökutækjum	289	452	849	-2,8	56,3	88,0
Vörugjöld af bensíni	2.526	2.541	2.602	17,0	0,6	2,4
Skattar á olíu	1.347	1.382	1.433	11,5	2,6	3,6
Áfengisgjald og tóbaksgjald	3.116	3.146	3.573	14,7	0,9	13,6
Aðrir skattar á vöru og þjónustu	7.232	7.605	8.868	50,2	5,2	16,6
Tollar og aðflutningsgjöld	1.479	1.836	1.608	23,9	24,1	-12,4
Aðrir skattar	1.017	906	981	60,9	-11,0	8,4
Tryggingagjöld	13.774	15.393	16.062	46,7	11,8	4,3
Fjárframlög	30	132	39	0,5	349,1	-70,3
Aðrar tekjur	8.699	8.221	7.597	-47,6	-5,5	-7,6
Sala eigna	201	84	1.178	-	-	-
Tekjur alls	110.967	113.035	122.100	-10,2	1,9	8,0


Tekjur af tryggingagjöldum námu 16,1 ma.kr. á fyrstu þremur mánuðum ársins sem er 1,1 ma.kr. yfir áætlun. Heildarlaunastofn janúar-mars er rúmum 12% hærrí í ár sem er nokkru meiri vöxtur en reiknað var með við gerð tekjuáætlunar og kemur þessi þróun einnig fram í endurskoðaðri spá Hagstofu frá mars sl. um launaþróunina á árinu. Tekjur af eignarsköttum, að frátalinni sérstakri greiðslu lífeyrissjóðanna, voru nokkru minni en áætlað var. Þannig

¹ Ljóst er að frávik í tekjuskatti lögaðila og fjármagnstekjuskatti eru veruleg í þessum bráðabirgðatölum. Frávik frá áætlun eru þó ekki alltaf varanleg og þannig má gera ráð fyrir því að minni innheimta fjármagnstekjuskatts muni jafnframt hafa í för með sér minni endurgreiðslur undir lok ársins.

voru auðlegðar- og erfðafjárskattur undir áætlun en stimpilgjöld yfir áætlun. Sérstakt gjald á lífeyrissjóði, sem einnig er flokkað sem eignarskattur, skilaði 1,4 ma.kr. á fyrstu þremur mánuðum ársins. Ekki hafði verið reiknað með þessari upphæð í tekjuáætlun á fyrsta ársfjórðungi 2012 heldur tekjuáætlun síðasta árs þegar tölurnar eru skoðaðar á greiðslugrunni. Gjald dags greiðslunnar var í árslok 2011 en eindagi nokkrum vikum síðar.

Tekjur af sköttum á vöru og þjónustu námu 44,8 ma.kr. á fyrsta ársfjórðungi sem er 6,1% eða 2,9 ma.kr. minna en áætlað var. Fráviknið skýrist nær eingöngu af minni virðisaukaskatti en áætlað var því aðrir liðir óbeinna skatta voru samanlagt í takt við áætlanir. Ef litið er til fjögurra mánaða meðaltals nemur uppsöfnuð hækkun innheimtra tekna af sköttum á vöru og þjónustu 8,8% umfram verðlagsbreytingar (sjá mynd).

Raunbreyting skatta á vöru og þjónustu milli ára, m.v. 4 mánaða hlaupandi meðaltal



Áréttað skal að myndin sýnir ekki þróun undirliggjandi skattstofna heldur tekjur ríkissjóðs á hverjum tíma (umfram almenna verðlagshækkun). Skattabreytingar hafa því áhrif á þann feril sem myndin sýnir.

Tekjur af virðisaukaskatti, sem er stærsti einstaki liður veltuskatta, jukust um 3% á milli ára og námu alls 27,5 ma.kr. sem er 3,1 ma.kr. undir áætlun. Fráviknið má alfarið rekja til minni innheimtu í mars en áætlanir gerðu ráð fyrir enda var innheimta skattsins vel yfir áætlun í janúar og febrúar. Ekki er ósennilegt að þetta neikvæða frávik muni að einhverju leyti ganga til baka í apríl og að þá skýrist betur hvernig áætlun fjárlaga um fyrstu mánuði ársins stenst. Ljóst er að innheimtutölur sveiflast talsvert milli mánaða, einkum vegna endurgreiðslna innskatts, og því ekki endilega til marks um meiri eða minni skattstofn en í forsendum tekjuáætlunar.

Aðrir veigamiklir liðir meðal óbeinna skatta eru vörugjöld af ökutækjum, bensíni og olíu, áfengisgjöld, tóbaksgjöld og bifreiðagjöld. Af þessum liðum jukust vörugjöld af ökutækjum mest á milli ára eða um tæplega 87% enda hefur innflutningur bifreiða aukist verulega síðastliðin misseri. Vörugjöld af bensíni og olíu jukust lítillega á milli ára og námu samanlagt 4,0 ma.kr. sem er lítillega undir áætlun. Þar af námu tekjur af olúgjaldi 1,4 ma.kr. og af

bensíngjöldum 2,6 ma.kr. Tekjur af tóbaksgjaldi námu 1,2 ma.kr. á fyrstu þremur mánuðum ársins sem er 3,4% samdráttur á milli ára en þó í takt við tekjuáætlun. Tölur um tóbakssölu sýna að skattstofn tóbaksgjalds hefur dregist nokkuð saman á milli ára. Þannig hefur sala neftóbaks dregist saman um 8,3%, vindla um 5,0% og vindlinga um 8,7%. Tekjur af áfengisgjaldi námu 2,4 ma.kr. á fyrsta ársfjórðungi sem er 25% aukning á milli ára og 0,3 ma.kr. yfir áætlun. Tölur um sölu áfengis benda til þess að skattstofn áfengisgjalds hafi aukist um tæplega 4% á milli ára.

Aðrar tekjur ríkissjóðs námu alls 7,6 ma.kr. á fyrstu þremur mánuðum ársins sem er 0,4 ma.kr. yfir áætlun. Þar af námu vaxtatekjur 4,7 ma.kr. sem er 0,1 ma.kr. yfir áætlun. Loks námu tekjur af sölu eigna 1,2 ma.kr. sem er 1,1 ma.kr. yfir áætlun. Það frávik skýrist af 1 ma.kr. hlutdeild ríkissjóðs í hagnaði af fyrstu gjaldeyrisútboðum Seðlabankans sem haldin voru sumarið 2011 og í febrúar 2012.

Greidd gjöld námu 126,4 ma.kr. og jukust eins og áður segir um 11,6 ma.kr. frá fyrra ári, eða um 10,1%. Greidd gjöld voru innan fjárheimilda tímabilsins um 3 ma.kr. eða 2,7%. Útgjöld til málaflokka breyttust mismikið milli ára, en frekari greining á frávikum hvers málaflokks er að finna hér að neðan.

Vaxtagjöld ríkissjóðs jukust um 2,8 ma.kr. milli ára en voru í jafnvægi við fjárheimildir ársins. Útgjöld til almennrar opinberrar þjónustu voru svipuð og á síðasta ári en voru tæpan 1 ma.kr. innan fjárheimilda sem skýrist að mestu með greiðslum til Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga þar sem greiðsla sem tilheyrði mars var ekki greidd fyrr en í apríl. Útgjöld til almannatrygginga og velferðarmála jukust um 2,6 ma.kr. milli ára en voru í jafnvægi við áætlanir. Frávikið skýrist að stærstu leyti með greiðslum vegna Lífeyristrygginga og bóta samkvæmt laga um félagslega aðstoð, en áhrif kjarasamninga síðasta árs hafa þarna mikil áhrif.

Útgjöld til heilbrigðismála jukust um 1,2 ma.kr. milli ára en voru um 1,2 ma.kr. innan áætlana. Útgjöld Landspítala jukust um 784 m.kr. milli ára sem er í samræmi við það sem gert var ráð fyrir. Útgjöld til öldrunarheimila voru 569 m.kr. hærri en á sama tímabili 2011 og voru jafnframt 134 m.kr. hærri en áætlanir gerðu ráð fyrir. Útgjöld til efnahags- og atvinnumála jukust milli ára um 1,4 ma.kr. en voru tæpan 1 ma.kr. innan heimilda. Útgjöld Vegagerðarinnar voru 679 m.kr. hærri en á sama tímabili 2011 en voru 276 m.kr. innan heimilda. Áætlanir höfðu gert ráð fyrir að útgjöld vegna ýmissa framkvæmdaliða t.d. Vegagerðarinnar yrðu meiri á fyrstu mánuðum ársins en raunin varð. Útgjöld til menntamála voru 2,5 ma.kr. hærri en á sama tímabili í fyrra en 351 m.kr. innan fjárheimilda tímabilsins. Aukningin milli ára skýrist að mestu með útgjöldum Lánasjóðs Íslenskra námsmanna sem jukust um tæpa 2 ma.kr. milli ára sem var í samræmi við áætlun. Útgjöld til menningar-, íþrótt- og trúmála voru 260 m.kr. hærri en á sama tímabili í fyrra og 40 m.kr. hærri en fjárheimildir tímabilsins.

Útgjöld til löggæslu, réttargæslu og öryggismála jukust um 469 m.kr. milli ára og voru jafnframt 23 m.kr. umfram heimildir tímabilsins. Útgjöld vegna Héraðsdómstóla aukast um 75 m.kr. milli ára, Sérstakur saksóknari um 64 m.kr., Lögreglustjórinn á

höfuðborgarsvæðinu um 93 m.kr. og Landhelgisgæslan 91 m.kr. Útgjöld til umhverfisverndar eru 92 m.kr. hærrí í ár en á sama tíma í fyrra en voru 256 m.kr. innan áætlana. Úrvinnslusjóður er 150 m.kr. innan heimilda en útgjöld hans aukast um 15 m.kr. milli ára. Þá eru útgjöld Endurvinnslunnar 109 m.kr. innan heimilda en svipuð og á síðasta ári. Útgjöld til Varnarmála drógust saman um 131 m.kr. og voru jafnframt 93 m.kr. innan heimilda tímabilsins. Útgjöld til húsnæðis- skipulags- og veitumála drógust lítillega saman milli ára eða um 57 m.kr. og voru að mestu í jafnvægi við heimildir. Óregluleg útgjöld jukust um 273 m.kr. milli ára og voru jafnframt 101 m.kr. umfram fjárheimildir. Þetta skýrist að mestu með útgjöldum vegna lífeyrisskuldbindinga sem voru 225 m.kr. hærrí en á síðasta ári og jafnframt 154 m.kr. hærrí en gert hafði verið ráð fyrir.

Gjöld ríkissjóðs janúar-mars 2010-2012

	Milljónir króna			Breyting frá fyrra ári, %	
	2010	2011	2012	2011	2012
Almenn opinber þjónusta	33.239	25.687	28.755	-22,7	11,9
þar af vaxtagreiðslur	22.155	15.360	18.177	-30,7	18,3
Varnarmál	452	366	235	-19,0	-35,9
Löggæsla, réttargæsla og öryggismál	4.703	4.280	4.748	-9,0	10,9
Efnahags- og atvinnumál	12.342	10.991	12.342	-10,9	12,3
Umhverfisvernd	795	850	942	6,9	10,8
Húsnæðis- skipulags- og veitumál	157	114	57	-27,4	-49,6
Heilbrigðismál	27.039	26.803	27.972	-0,9	4,4
Menningar-, íþróttar- og trúmál	4.394	4.184	4.443	-4,8	6,2
Menntamál	14.652	12.707	15.256	-13,3	20,1
Almannatryggingar og velferðarmál	29.396	26.573	29.169	-9,6	9,8
Óregluleg útgjöld	3.805	2.235	2.508	-41,3	12,2
Gjöld alls	130.975	114.789	126.428	-12,4	10,1

Lánsfjárjöfnuður ríkissjóðs

Hreinn lánsfjárjöfnuður var neikvæður um 12,9 ma.kr. á fyrstu ársfjórðungi ársins en á sama tíma í fyrra var lánsfjárjöfnuðurinn neikvæður um 4,8 ma.kr.

Afborganir af lánum ríkissjóðs námu 50,9 ma.kr., þar af voru 49,5 ma.kr. vegna erlendra lána. Ríkissjóður nýtti lánsloforð frá Norðurlöndunum í árslok 2011 fyrir sem svarar 103 ma.kr. og notaði af því 44,6 ma.kr. til endurgreiðslu lána Norðurlanda í mars. Aðrar erlendar afborganir námu 4,8 ma.kr. Innlendar afborganir námu tæpum 1,5 ma.kr.

Lántökur námu tæpum 43,9 ma.kr. í ársfjórðungnum þar af nam útgáfa ríkisbréfa 25 ma.kr. Gefin voru út ríkisbréf fyrir um 33,5 ma.kr., þar af verðtryggð ríkisbréf fyrir um 20,1 ma.kr. og óverðtryggð fyrir um 13,4 ma.kr. Stofn ríkisvixla lækkaði á móti um 8,5 ma.kr. Endurmat gjaldeyrisreikninga nam 18,9 ma.kr.